

Ed.

## 178. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um friðun fugla og eggja.

Frá J. Havsteen og Eiriki Briem.

1. Við 1. gr. a. Orðið »silkitoppur« falli burt.
  - b. Orðin »svanir, hettumáfar, haftyrðlar, himbrimar, svölur, starrar og sendlingar« falli burt.
2. 2. gr. falli burt, og breytist greinatalan eftir því.
3. Við 3. gr. a. Á undan »Valir« bætist við orðið: Ernir.
  - b. Við greinina bætast orðin: himbrimar, helsingjar og hrotgæsir.
4. 4. gr. falli niður og komi í hennar stað svolátandi grein:

Aðrar fuglategundir skulu friðaðar svo sem hjer segir:

  - a. rjúpur frá 15. febrúar til 15. september.
  - b. allar andategundir aðrar en þær, sem þegar eru taldar, frá 1. apríl til 1. september.
  - c. svanir frá 1. apríl til 15. september.
  - d. lundi frá 10. maí til 20. júní.

Sýslunefndum veitist heimild til að ákveða friðunartímann fyrir fýl, hverri í sinu hjeraði, þó má friðunartíminn ekki byrja síðar en 20. marz og eigi enda fyrr en 10. ágúst.

Allar þær fuglategundir, sem hjer hafa ekki verið nefndar, skulu friðaðar frá 1. apríl til 1. ágúst.

Skot og net, nema háfa, má ekki hafa við lunda- eða fýla-veiði.
5. 5. gr. orðist á þessa leið: Rjúpnaegg skulu friðuð vera.
6. Við 6. gr. Orðin »en fyrir örn skal greiða 10 kr., er tvöfaldast við ítrekun brotsins, alt að 60 kr.« falli burt.
7. — 7. — a. Í stað orðanna »friðað egg« komi: rjúpna egg.
  - b. Orðin »nema fyrir« og til enda greinarinnar falli burt.
8. — 9. — Í stað orðanna »sektirnar renna« og til enda greinarinnar, orðist á þessa leið:

Helmingur sektarfjárins rennur í landssjóð, en hinn helmingurinn ber uppljóstrarmanni.

9. — 10. — 10. gr. orðist á þessa leið:  
Hjer með eru úr gildi felld lög 27. nóvbr. 1903, um friðun fugla.